



Reglur Styrktarsjóðs Borðtennissambands Íslands

Tilgangur þessara reglna er að setja skýran ramma um styrkveitingar til einstaklinga úr sjóðum BTÍ. Með slíkum ramma fæst betri fyrirsjáanleiki og gagnsæi í styrkveitingar sambandsins.

1. Markmið

Markmið styrkveitinga á vegum BTÍ er að styrkja afreksfólk í borðtennis og borðtennisíþróttina á Íslandi.

2. Umfang

BTÍ styrkir leikmenn, þjálfara og dómara fjárhagslega til þess að leita sér þekkingar og/eða auka getu sína tengda borðtennis.

Markmið BTÍ er að árlega séu 400.000 kr. til úthlutunar frá sjóðnum til umsækjenda. Sjóðurinn getur þó úthlutað minna fé ef ekki hafa borist nægjanlega hæfar umsóknir til sjóðsins.

3. Umsóknarfrestur

Umsóknir hvers árs skulu hafa borist fyrir **7. desember vegna yfirstandandi keppnisárs (1. september til 31. ágúst)** og skal sjóðurinn afgreiða umsóknir fyrir **10. janúar**.

Hafi sjóðurinn ekki úthlutað öllu sínu fé fyrir líðandi ár í fyrstu umferð skal annar umsóknarfrestur vera til 1. maí og skulu umsóknir afgreiddar fyrir 1. júní.

Hafi sjóðurinn enn ekki úthlutað öllu sínu fé fyrir líðandi ár í annarri umferð skal þriðji umsóknarfrestur vera til 1. ágúst og skulu umsóknir afgreiddar fyrir 1. september.

4. Umsóknir

Umsóknum skal fylgja kostnaðaráætlun, lýsing á verkefni og lýsing á hvernig verkefnið samræmist markmiðum sjóðsins. **Skylt er umsækjanda að upplýsa um aðra styrki sem fengist hafa eða sótt hefur verið um vegna sama verkefnis.**

5. Meðferð umsókna

Að umsóknarfresti liðnum skipar stjórn BTÍ tvo umsagnaraðila til þess að fara yfir umsóknir og bera fyrir stjórn. Umsagnaraðilar skulu vera óhlutdrægir og ekki tengdir umsækjendum. Stjórn BTÍ ber endanlega ábyrgð á úthlutun úr sjóðnum.

Umsóknir skulu metnar út frá:

1. Efnileika og framtíðarmöguleikum umsækjanda
2. Fjölbreytileika styrkþega
3. Vilja og getu til þess að gefa til baka til borðtennis hreyfingarinnar.



4. Eljusemi og áræðni umsækjanda

6. Skýrsla og uppgjör

Einstaklingar sem hljóta styrk skulu skila stuttri skýrslu til stjórnar BTÍ um þátttöku sína í verkefninu áður en greitt er. Skýrslunni skal skilað fyrir lok þess almanaksárs sem styrkurinn er veittur ásamt reikningsupplýsingum, ella fellur styrkveitingin úr gildi.

7. Þátttaka erlendra leikmanna í mótum á Íslandi

BTÍ er heimilt að styrkja komu erlendra leikmanna til landsins vegna þátttöku í mótum sem eru aðgengileg leikmönnum hérlendis. Auglýsingar fyrir slíka styrki skulu auglýstar og afgreiddar á sama tíma og umsóknir í styrktarsjóðinn, en ekki vera veittar af sama fjármagni. Skylt er umsækjanda að upplýsa um aðra styrki sem fengist hafa eða sótt hefur verið um vegna sama verkefnis.

Umsóknir skulu metnar út frá:

1. Styrkleika leikmanns/leikmanna
2. Fjölbreytileika erlendra leikmanna (kyn, aldur, þjóðerni o.s.frv.)
3. Að margir leikmenn hérlendis hafi tækifæri til að spila við viðkomandi (dæmi: riðlakeppni betri en beinn útsláttur)